

Nd.

226. Breytingartillaga

[119. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Á eftir 20. gr. laganna komi eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Verð á hvers konar vöru má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar hækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, sbr. ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til þeirrar hækkunar húsaleigu, sem ákveðin var skv. fyrri málsgr. 6. gr. laga nr. 94/1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, sem ákveðin eru í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.